

*Alþingi**Erindi nr. P 136/556**komudagur 16.12.2008*

Reykjavík 16. desember 2008

**Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**  
**Berist: Menntamálanefnd Alþingis**

## **Umsögn um frumvarp**

**um breytingu á lögum nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf.**

### **Inngangur**

Skjárinn fagnar því að með nýju frumvarpi eru stigin skref í áttina að því að jafna samkeppnisumhverfi einkarekinna sjónvarpsstöðva á Íslandi. Verði frumvarpið að lögum og náist þau markmið að umsvif RÚV á auglýsingamarkaði dragist umtalsvert saman, eins og að er stefnt, gerir það fyrirtækinu kleift að halda rekstri sjónvarpsstöðvarinnar SkjásEins áfram.

Það ber að taka fram að starfsfólk Menntamálaráðuneytisins og fulltrúar úr starfshópi Menntamálaráðherra, sem fjallað hafa um stöðu fjölmiðla undanfarið, trúa því að í frumvarpinu felist umtalsverðar takmarkanir á umsvifum RÚV á sjónvarpsauglýsingamarkaði. Skjárinn treystir á að þetta sé rétt mat, ekki síst þar sem í frumvarpinu er ákvæði um endurskoðun fyrir 1. júlí 2009, sem þýðir að tækifæri verður til að bregðast við ef markmiði frumvarpsins verður ekki náð.

Það skal einnig áreittað að Skjárinn tekur undir þá skoðun Samkeppniseftirlitsins að ekki standist til langframa að RÚV keppi við einkaaðila um auglýsingar og eigi því, þegar aðstæður leyfa, að hverfa alfarið af þeim markaði.

Skjárinn vill ennfremur vekja athygli Menntamálanefndar á því að tæplega 56 þúsund Íslendingar, alls staðar af landinu, skrifuðu undir áskorun til Menntamálaráðherra og ríkisstjórnar Íslands um að leiðrétta samkeppnisumhverfi einkarekinna sjónvarpsstöðva á Íslandi. Því til stuðnings má nefna að í könnun sem gerð var af MMR, Markaðs- og miðlarannsókn ehf., dagana 2.-5. desember sl., á meðal Íslendinga á aldrinum 18-67 ára, kom fram að 51,5% svarenda sögðust vera hlynttir því að Ríkisútvarpið hverfi af auglýsingamarkaði.

### **Tillögur að breytingum á frumvarpi**

#### **4. gr. – Hlutfall auglýsinga í dagskrá.**

Fram kemur að takmarkanir á birtingum sjónvarpsauglýsinga hjá Ríkisútvarpinu ohf. hafi það að markmiði að tryggja fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði.

Samkeppni á sjónvarpsauglýsingamarkaði verður ekki jöfn á meðan einn aðili á markaðinum nýtur ríkisstuðnings og keppir á sama tíma við aðra aðila á markaðinum um áhorf, tekjur, innkaup og framleiðslu á efni eins og nýlegt álit Samkeppniseftirlitsins sýnir. (Álit nr. 4/2008 um samkeppnishömlur af stöðu og háttsemi Ríkisútvarpsins ohf.)

Útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins ohf. hefur sjálfur margoft sagt, nú síðast í sjónvarpsþættinum "Málefnið" sem sýndur var á SkjáEinum þann 3. desember sl. að Ríkisútvarpið ohf. gæti best sinnt hlutverki sínu væri því hlíft við að starfa á auglýsingamarkaði, í sama viðtali gaf hann ítrekað til kynna að bæta þyrfti Ríkisútvarpinu ohf. tekjur að upphæð 700 m.kr. árlega ef því ætti að vera gert að hverfa af sjónvarpsauglýsingamarkaði. Ekki verður annað skilið af því frumvarpi sem hér er til umsagnar en að tekjur Ríkisútvarpsins af skattfé verði auknar um 700 m.kr. árlega.

Ef það er ekki pólitískur stuðningur við að draga Ríkisútvarpið ohf. út af sjónvarpsauglýsingamarkaði, þrátt fyrir stuðning þjóðarinnar, álit Samkeppniseftirlitsins, yfirlýsingar útvarpsstjóra og auknar skatttekjur félagsins með nýju frumvarpi eru eftirfarandi breytingar lagðar til á 5. gr. frumvarpsins.

Undir 4. gr. a) (12. gr.) "Hlutfall auglýsinga í dagskrá" komi í stað liðar a) og b):

a) Ríkisútvarpinu er ekki heimilt að birta sjónvarpsauglýsingar eftir kl. 20.

b) Hlutfall auglýsinga fyrir kl. 20 skal eigi vera hærra en 20% af útsendingartíma.


Rökstuðningur:

Slík takmörk eru líklegri til að skila sér til auglýsingasjónvarpsstöðva heldur en áskriftarsjónvarpsstöðva, og styðja þannig betur við fjölbreytni fjölmiðla, slík takmörk hafa svipuð áhrif eins og forsvarsmenn Ríkisútvarpsins hafa reiknað út að takmörkin í frumvarpinu hafi.

Í töflunni hér að neðan má sjá sjónvarpsauglýsingar Ríkissjónvarpsins í nóvember 2008 í sekúndum skv. upplýsingum úr rafrænum mælingum Capacent Gallup og áhrifin af þeim takmörkum sem eru í frumvarpinu.

	KI. 18-19					KI. 19-20					KI. 20-21					KI. 21-22					KI. 22-23				
	18-19	19-20	20-21	21-22	22-23	18-19	19-20	20-21	21-22	22-23	18-19	19-20	20-21	21-22	22-23	18-19	19-20	20-21	21-22	22-23	18-19	19-20	20-21	21-22	22-23
1.nóv laugardagur	180	330	420	200	0																				
2.nóv sunnudagur	240	150	180	180	120																				
3.nóv mánudagur	240	150	240	240	150																				
4.nóv þriðjudagur	300	300	240	60	180																				
5.nóv miðvikudagur	180	360	240	200	240																				
6.nóv fimmtudagur	300	360	420	300	180																				
7.nóv föstudagur	240	240	420	300	0																				
8.nóv laugardagur	240	420	540	240	120																				
9.nóv sunnudagur	300	240	240	180	0																				
10.nóv mánudagur	360	180	240	240	180																				
11.nóv þriðjudagur	360	300	240	300	240																				
12.nóv miðvikudagur	180	600	300	600	330																				
13.nóv fimmtudagur	420	420	420	480	300																				
14.nóv föstudagur	360	660	720	240	180																				
15.nóv laugardagur	360	660	540	360	180																				
16.nóv sunnudagur	360	420	420	420	180																				
17.nóv mánudagur	360	540	300	480	240																				
18.nóv þriðjudagur	360	660	420	360	240																				
19.nóv miðvikudagur	300	540	360	420	360																				
20.nóv fimmtudagur	360	540	600	480	360																				
21.nóv föstudagur	360	480	780	360	180																				
22.nóv laugardagur	540	660	660	360	360																				
23.nóv sunnudagur	480	540	300	240	0																				
24.nóv mánudagur	300	720	360	0	540																				
25.nóv þriðjudagur	360	720	600	420	360																				
26.nóv miðvikudagur	300	720	660	420	480																				
27.nóv fimmtudagur	420	540	780	660	420																				
28.nóv föstudagur	420	660	780	780	180																				
29.nóv laugardagur	600	780	600	420	360																				
30.nóv sunnudagur	600	600	480	120	120																				
Takmörk % af útsendri klst.	10%	5%	5%	5%	10%																				
Als sekúndur	10380	14490	13500	10060	6780	960	9150	8100	5020	360															

Á myndinni hér að neðan má sjá samanburð á áhrifum af takmörkum sem eru í frumvarpinu og nýjum tillögum Skjásins.



Að auki verður eftirlit með takmörkum á umsvifum Ríkisútvarpsins ohf. á sjónvarpsauglýsingamarkaði miklu mun einfaldara og ódýrara ef klukkutakmörkun er beitt heldur en ef flóknari takmörkum um hlutfall auglýsinga pr. útsenda klukkustund verður beitt. Eins sjá má af töflunni á síðunni hér á undan fór Ríkisútvarpið fimm sinnum fram úr þeim takmörkum sem nú gilda lögum samkvæmt um að auglýsingar í sjónvarpi megi ekki fara upp fyrir 20% af útsendri klukkustund í nóvember mánuði sé mið tekið af gögnum úr rafrænum mælingum Capacent Gallup. Þau lögbrot eru lituð með grátt í töflunni.

### 3. gr. h)

“Stjórn félagsins skal setja gjaldskrár fyrir birtingu auglýsinga og aðra skylda tekjustofna, þ.á.m. sölu á efni úr myndasafni þess. Gjaldskrár skal birta og skal þar gerð grein fyrir öllum afsláttarkjörum.”

Lagt er til að bætt verði við setningu sem kveður á um hámarksafslátt. Jafnframt að afsláttarkjör miðist við kostnaðarlegu hagræði við að veita magnafslátt, en slíkt er jafnan áskilið í samkeppnisrétti gagnvart markaðsráðandi fyrirtækjum. Þetta er lagt til í ljósi nýlegs úrskurðar Samkeppniseftirlitisins um háttsemi Ríkisútvarpsins á markaðinum. Skjáinn hefur áhyggjur af því að Ríkisútvarpið haldi áfram að undirbjóða aðila á markaðinum og hækki einfaldlega birt afsláttarkjör sín. Samkvæmt núgildandi afsláttarkjörum RÚV ohf. er auglýstur hámarksafsláttur 30%. Kemur til greina að lögbinda 30% hámarksafslátt í greininni þannig að við hana bættist setningin:

Afsláttarkjör skulu styðjast við útreikninga á kostnaðarlegu hagræði sem af þeim hlýst. Í engum tilvikum getur magnafsláttur farið umfram 30%.

## 7. gr. – Ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að eftirfarandi setningu verði skeytt aftast:

"...eða ef lög þessi ná ekki markmiðum sínum um takmörkun á umsvifum Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði sem megi verða til þess að bæta rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla."

Virðingarfyllt,



Sigríður Margrét Oddsdóttir  
Framkvæmdastjóri Skjásins